

ÁRSSKÝRSLA 2018





MARKMIÐ UM ÖRYGGI Í SAMGÖNGUM

SAMGÖNGUSTOFA ER ÖRYGGISSTOFNUN SAMGANGNA Á ÍSLANDI

Öryggi í samgöngum er kjarnaverkefni Samgöngustofu og miðar starfsemin fyrst og síðast að því. Stofnuninni ber einnig að stuðla að sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum sem þróist í samræmi við félagsleg og umhverfisleg markmið.

Leiðir að markmiðunum eru margar. Samgöngustofa annast eftirlit, úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó. Stofnunin sér um undirbúning og innleiðingu laga og reglna á starfsviði hennar, fer með gerð öryggisáætlana í öllum samgöngugreinum og sinnir fræðslu sem unnin er út frá greiningu á atvikum og slysum.

Sífelld betri tengingar við umheiminn fela í sér mörg tækifæri en um leið margar áskoranir. Geysimikil fjölgun ferðafólks hér á landi hefur á undanförunum árum verið breyta sem, jafnframt því að færa Íslandi miklar tekjur og öfluga menningarstrauma, hefur einnig hvatt okkur til að hugsa


um samfélagið okkar og öryggi fólks á ferðinni í stærra samhengi.

Hvarvetna verður þörfin fyrir samvinnu um aukið öryggi og slysavarnir æ ríkari. Þetta á ekki síst við um í landi sem státar af víðernum en fámennri þjóð sem hefur metnað til að vera til fyrirmyndar á heimsvísu. Þar þurfa öll að vinna saman og hvert og eitt vera tilbúið til að leggja hönd á plóg og jafnvel gegna samtímis mörgum hlutverkum í samfélaginu.

Vissulega hefur náðst góður árangur í samgönguöryggi á öllum sviðum. Með fjölþættum úrbótum hefur öryggi sjófarenda til dæmis aldrei verið meira, flugslys eru afar fátíð og þrátt fyrir mikla fjölgun vegfarenda hefur fjöldi látinna í umferðaslysum ekki vaxið í sama hlutfalli.

Með samvinnu, því að læra af eigin reynslu og annarra og tileinka okkur aðferðir sem hafa reynst vel á Íslandi og á alþjóðavísu hefur okkur á undanförunum áratugum tekist að skapa hugmynd um samfélag án banaslysa í samgöngum. Einn góðan veðurdag getur hún orðið að veruleika.

SKIPULAGIÐ



Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012.

Samgöngustofa heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

Í árslok 2018 voru í skipuriti Samgöngustofu fimm svið auk þriggja eininga sem einnig heyra beint undir forstjóra.



Framkvæmdastjórn skipa forstjóra og framkvæmdastjórnar sviða auk mannauðsstjóra, gæðastjóra og samskiptastjóra.

Farsvið annast leyfisveitingar, skírteini einstaklinga í flugi og siglingum, ökunám, tæknimal, skráningu farartækja og öryggis-efirlit með leyfishöfum.

Mannvirkja- og leiðsögusvið ber ábyrgð á verndarmálum í siglingum og flugi, flugleiðsögu og leiðsögu á sjó, skipulagi loft-rýmisins, málefnum samgöngumannvirkja á Íslandi og eftirliti með höfnum.

Rekstrarsvið annast fjármálastjórn og bókhald, skjalastjórn, upplýsingatekni og skrár auk reksturs NorType, samnorræns gagnagrunns um tækniupplýsingar ökutækja.

Samhæfingarsvið sér um stjórnsýslu, samræmingu alþjóðlegra samskipta, samgönguáætlun, samgönguvirkt, neytendamál, öryggis- og fræðslumál og rannsóknir og þróun.

Þjónustusvið tekur á móti viðskiptavinum og annast ýmsar skráningar, m.a. í farartækjaskrár. Annast rekstur húsnæðis, mótuneytis og bifreiða stofnunarinnar.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á því sem viðkemur mannauðsmálum stofnunarinnar, launamálum og ferðabókunum fyrir starfsfólk.

Gæðastjóri ber ábyrgð á því að gæðakerfi stofnunarinnar sé í samræmi við þarfir hennar og meginmarkmið.

Samskiptastjóri ber ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla, vefsíðu stofnunarinnar og samræmi innri og ytri upplýsingamála.



Gildi starfsfólks Samgöngustofu eru jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

MANNAUÐURINN

Mannauður er helsta auðlind hvers vinnustaðar og áhersla er á að byggja upp góðan starfsanda meðal starfsfólks. Í árslok 2018 var fastráðið starfsfólk Samgöngustofu 147 talsins auk 10 verk-taka, samtals 63 konur og 94 karlar.

Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlits-manna eru iðulega skilgreindar í reglugerðum, oft mjög sérhæfð og þeim fylgt eftir í úttekum erlendra aðila.

Á árinu voru sótt fjölmörg námskeið á sérhæfðum sviðum sem snúa t.d. að samgönguvernd og flug- og siglingatæknilegum málum auk málefna á sviði um-ferðar. Að auki eru sóttir vinnufundir sem veita starfsfólki nauðsynleg tækifæri til að fylgjast með þróun í mála-flokkum og nýjungum í alþjóðlegu samstarfi. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk fái þjálfun í meðferð stjórnsýslumála og nýjum áherslum í stjórnsýslu.

Samgöngustofa er fjölskylduvænn vinnustaður sem leggur áherslu á gott jafnvægi starfs og einkalífs. Öllu starfsfólki bjóðast heilsustyrkir og samningar um samgöngustyrki.

Í því skyni að efla starfsþróun og starfsánægju voru á árinu tekin upp þematengd starfsmannasamtöl, tíðari og styttri en áður hefur tíðkast.

Mikið er lagt upp úr góðu upplýsingaflæði, m.a. með vikulegum starfsmannafundum, innri og ytri vef og greiðum aðgangi að fundargerðum. Jafnt og þétt er unnið úr niðurstöðum vinnustaðagreininga og markmiðum þeim tengdum.



ÖRYGGISÁÆTLANIR

Stöðugt er unnið að samræmdu verklagi allra öryggisáætlana í samgöngumálum, þ.e. fyrir flug, siglingar og umferð. Samgöngustofa leitast við að skapa sem mest öryggi í samgöngum fyrir alla hópa notenda í lofti, á láði og legi, m.a. með því að ná fram hugarfarsbreytingu og að auka virðingu fyrir lögum og reglum. Stofnunin stýrir fræðslu og miðlun upplýsinga um öryggismál samgangna sem er m.a. skilgreind út frá greiningu á atvikum og slysum og stuðlar að þátttöku og samstarfi allra aðila sem vilja vinna að framgangi þeirra.

Samgöngustofa tekur þátt í setningu markmiða og framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, sér um skráningu og greiningu umferðarslysa og nýtir þau gögn til rannsókna og fræðslu innan skóla, til íslensks almennings og erlends ferðafólks, í þágu aukins umferðaröryggis.

Samgöngustofa hefur skilgreint, sett fram og vinnur í samræmi við flugöryggisáætlun. Áætlunin er ramma um reglubundna stafsemi og aðgerðir stofnunarinnar er miða að auknu öryggi í flugi og er stöðugt og markvisst unnið að þróun flugöryggisáætlunarinnar. Flugöryggisstefna sem


er hluti af flugöryggisáætlun, var sett fram í samgönguáætlun á árinu 2018 til samþykktar á Alþingi.

Samgöngustofa sér um framkvæmd áætlunar um öryggi sjófarenda en markmið hennar er m.a. að treysta og auka öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni varða menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttaka í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð í skipum.


UMFERÐARÖRYGGIS- ÁÆTLUN

Meðal verkefna ársins var gerð og birting á fjölbreyttu efni til að vinna gegn hættulegri hegðun í umferðinni á borð við snjallsímanotkun ökumanna og ölvunarakstri. Fræðslumyndbönd voru sýnd í sjónvarpi og fjallað um umferðaröryggismál í fjölmiðlum. Árleg könnun um viðhorf og hegðun Íslendinga framkvæmd og niðurstöður hennar

kynntar. Skólabörn fengu fræðslu, endurskinsmerkjum var dreift og tekið upp samstarfsverkefni við tvo skóla. Vefurinn umferd.is var uppfærður. Sérstök fræðsluefni var beint til erlends ferðafólks með ýmsum hætti í samstarfi við marga aðila, svo nokkuð sé nefnt.



Myndin sýnir meðaltal árána 2014-2018 af fjölda látinna á hverja 100.000 íbúa í hverju landi.



Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2033

1. Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa árin 2019-2033. Á myndinni hér að ofan má sjá meðaltalsstöðu árána 2014-2018.

2. Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2033.



Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmerkið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf. Ný gerð markmiða og mælikvarða snúa að því að bæta þá hegðun sem stuðlar hvað mest að slysum í umferð.

Myndin sýnir stöðu markmiða árið 2018.

FLUGÖRYGGIS- ÁÆTLUN

Samgöngustofa útfærir og framkvæmir flugöryggisáætlun sem felst m.a. í að innleiða og fylgja eftir alþjóðlegum reglum, skrá flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greina flugatvik og miðla fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfis höfum flugleiðsögu og skirteinishöfum ber að tilkynna til Samgöngustofu öll flugatvik og flugslys sem verða í flugi eða flugleiðsögu.

Tilgangurinn með skráningunni er að komast að því hvers konar atvik eða slys eiga sér stað og hver vettvangurinn og aðstæður eru svo hægt sé að stuðla að því að sambærileg slys eða atvik endurtaki sig ekki. Slys í flugi eru mjög fátíð en skráningarskyld flugatvik, sem hægt er að læra af, nokkuð mörg. Árið 2018 varð ekkert flugslys. Alvarleg flugatvik voru 19 talsins.



Skráning og greining miðar við fjölda flugslysa og flugatvika. Ástæður fyrir fjölda flugatvika eru einkum tvær. Annars vegar hefur flugstarfsemi vaxið gríðarlega á undanförunum árum. Hins vegar hefur góður árangur náðst í því að efla sanngirnismenningu sem hvetur til frumkvæðis flugfólks til að tilkynna um þau atvik sem verða.

Sanngirnismenning (e. just culture) felur í sér að upplýsingar úr tilkynntum atvikum eru aðeins nýttar til að bæta flugöryggi en ekki til að upplýsa hver hafi átt sök eða beri ábyrgð.



ÁÆTLUN UM ÖRYGGI SJÓFARENDNA

Meðal verkefna á árinu voru auglýsingar sem beint var til sjómanna og var áhersla lögð á ofhleðslu smábáta, neyðarrás sjómanna, ofþreitu og svefn. Áfram var unnið að gerð fræðslumynda um öryggi um borð í skipum. Tvær ráðstefnur í þágu siglingaöryggis voru styrktar og Landhelgisgæslunni veittur styrkur til gerðar á fræðslumyndar um móttöku þylu við björgun úr sjávarháská.

Hafist var handa við að útbúa öryggisstjórnunarkerfi og öryggishandbók fyrir skip, byrjað á uppfærslu reglugerða

sem varða heilbrigðisþjónustu um borð. Vinna hófst á gerð atvikaskráningakerfis fyrir sjómenn þar sem þeir geta tilkynnt slys og óhöpp til sjós á netinu.

Eitt af verkefnum áætlunarinnar eru styrkveitingar með það að markmiði að hvetja hugvitsmenn til að koma með hugmyndir að nýjum lausnum í öryggismálum sjófarenda. Árið 2018 bárust tvær umsóknir um styrk en hvorug þeirra hlaut brautargengi.



Gríðarlegur árangur hefur náðst á undanförunum áratugum í slysavörnum sjófarenda. Árið 2018 markaði tímamót því þá höfðu í fyrsta skiptið liðið tvö samfelld ár án banaslysa á sjó frá upphafi skráninga. Má þakka þennan árangur góðri samvinnu og fjölbreyttum úrbótaverkefnum.



STJÓRNSÝSLA OG EFTIRLIT

Samgöngustofa fer með stjórnarsýslu flugmála, siglingamála, hafna og sjóvarnamála, umferðar- og vegamála. Stofnunin annast eftirlit, þ.m.t. ýmsar mikilvægar úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna.

Í starfseminni felast einnig samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnarsýslu í flug- og siglingamálum hefur bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Fyrirkomulag og þróun eftirlits er viðvarandi áskorun m.a. þar sem regluumhverfi og aðferðafræði breytist stöðugt. Samstarf við fyrirtæki og einstaklinga er mikilvægt til að vinna að auknu öryggi. Ávallt er haft að leiðarljósi að eftirlit, þjónusta og stjórnvaldsákvæðanir Samgöngustofu séu í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnarsýsluhætti.

Í þeim stöku tilvikum þegar niðurstaða fagráðuneytis er á annan veg en ákvörðun stofnunarinnar eru verkferlar rýndir til að kanna hvað betur má fara. Á árinu 2018 voru 16 ákvæðanir Samgöngustofu kærðar til samgönguráðuneytisins. Ráðuneytið hefur staðfest niðurstöðu Samgöngustofu í sjö þeirra, aðrar eru enn í kærufarli hjá ráðuneytinu og bíða úrskurðar. Ákvæðanir Samgöngustofu voru í öllum málaflokkum samgangna þ.e. í flugi, siglingum og umferð. Þá eru þrjú mál í vinnslu hjá ríkislögmanni þar sem Samgöngustofu var stefnt vegna ákvæðana um réttindi flugfarþega. Málin hafa ekki verið dómtekin.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF



Þátttaka Samgöngustofu í alþjóðlegu samstarfi er grundvöllur ýmiss konar starfsemi á verkswiði stofnunarinnar svo Ísland standi jafnfætis viðmiðum annarra Evrópuþjóða. Alþjóðlegt samstarf og gagnkvæm viðurkenning er jafnframt nauðsynleg forsenda þess að íslensk fyrirtæki geti starfað í samkeppni við erlend fyrirtæki og á erlendum vettvangi.

Í starfseminni felast samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnsýslu í flug- og siglingamálum hefur bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Í umferðarmálum tekur Samgöngustofa m.a. þátt í samstarfsverkefnum á borð við EUCARIS og EReg. Ísland er aðili að CIECA, sem eru Evrópusamtök prófunaraðila ökuþrófa sem stefna að skoðun á framkvæmd ökuþrófa á Íslandi árið 2019. Eins og undanfarin ár var veittur styrkur til Euro RAP verkefnis Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Ítarlegar alþjóðlegar kröfur eru um stjórnsýslu flugmála. Í flugtengdri starfsemi er Samgöngustofa, fyrir hönd Íslands, aðili að Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og samtökum flugmálastjórna (ECAC) í Evrópu og tekur þátt í starfsemi þeim tengdum. Ísland á hlutdeild í rekstri norrænnar skrifstofu (Nordica) hjá ICAO í Montréal, Kanada. Ríkin sem standa að skrifstofunni eru ásamt Íslandi, Danmörk, Eistland, Finnland, Lettland, Noregur og Svíþjóð.

Í siglingamálum er Samgöngustofa aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og einnig sá aðili sem

uppfyllir skyldur Íslands vegna aðildar að Parísarsamkomulaginu (Paris MoU) um hafnarríkiseftirlit með erlendum skipum. Samgöngustofa tók á árinu þátt í vinnu tveggja vinnuhópa er varða Norðurskautsráðið, annars vegar PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) og hins vegar EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response Working Group) en utanríkisráðuneytið fer formlega með verkefnisstjórn.

Samgöngustofa tekur þátt í reglubundnum stjórnarfundum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) og hefur áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Eurocontrol. Starfsemi Samgöngustofu er háð eftirliti hinna tveggja fyrrnefndu.

Erlendar eftirlitsstofnanir gerðu á árinu ýmsar úttektir á stjórnsýslu Samgöngustofu, þ.á.m. EASA og EMSA. EASA framkvæmdi í tveimur aðskildum úttektum, úttekt á skírteinamálum flugliða og á atvikaskráningu flugatvika og greiningu þeirra. Jafnframt fór í fyrsta sinn fram úttekt á stjórnunarkerfum Samgöngustofu. EMSA framkvæmdi úttekt á skírteinamálum sjófarenda (STCW). Á árinu var unnið skipulega að undirbúningi fyrir viðtæka úttekt IMO á allri siglingatengdri starfsemi á Íslandi, en hún mun fara fram vorið 2019.



Samgöngustofa annast stjórnsýslu og stefnu- mótun umferðar á vegum sem byggir að miklu leyti á evrópskum reglugerðum þó einnig séu í gildi séríslenskar reglur.

Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð þeirra og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi þeirra fyrirtækja sem sjá um skoðanir ökutækja og hafa gilt starfsleyfi. Hún annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleiga.

Meðal breytinga á regluverki umferðarmála má nefna breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987 vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, varðandi aðgengi og miðlun upplýsinga m.a. um eigendur og umráðamenn ökutækja.


Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu öskuskóla og ökugærða og hefur umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu. Á árinu skiluðu 190 ökukennarar nemendum til ökuþrófs og fór kennsla þeirra fram á vegum 25 öskuskóla og tveggja ökugærða. Alls luku 5.399

nemendur prófi til almennra ökuréttinda en um 8% stóðst ekki verklegt ökuþróf.


Ökukennaranám fer fram við Endurmenntun Háskóla Íslands samkvæmt samningi við Samgöngustofu. Í lok árs útskrifuðust 26 nýir ökukennarar með réttindi til að annast kennslu til almennra ökuréttinda.

Fjöldi þeirra sem tók próf til aksturs stórra ökutækja dróst nokkuð saman frá fyrra ári. Mikil fækkun varð í fjölda þeirra sem tóku réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni á fólksbifreið.


Réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni á fólksbifreið



Fjöldi ökutækja í ökutækjaleigu 1. júlí ár hvert



Nýskráningar fólksbifreiða






Samgöngustofa sinnir stjórnsýslu, heimildaveitingum og eftirliti með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri, á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar.

Samgöngustofa annast skráningu loftfara, gefur út starfsleyfi og hefur eftirlit með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri og einstaklingum sem þurfa á starfsleyfum eða sérstökum heimildum að halda til að stunda rekstur og veita þjónustu. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd flugprófa og gefur út skírteini fyrir m.a. flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja. Mikil og vaxandi ásókn hefur verið í bókleg flugpróf á umliðnum árum.

Fjöldi bóklegra atvinnuflugmannsprófa



Fyrirtæki í flugtengdum rekstri eru fjölbreytt og auk flugfélaga, viðhaldsstöðva og flugskóla sinnir Samgöngustofa heimildarveitingum og eftirliti á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar.

Samgöngustofa hefur hlutverk um eftirlit með framkvæmd flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi og fer með skipulag loftrýmisins en Ísland sinnir mun stærra loft-


rými en sem nemur lofthelgi landsins. Á árinu var áfram unnið að setningu landsbundinna árangursmarkmiða í flugleiðsögu og skilgreind stefna Íslands um hæfisbundna leiðsögu í flugi. Í mars voru innleiddar alþjóðlegar kröfur um hæfisbundin fjarskipti og kögun (e. PBCS) og innan samstarfs stýrihóps um flugleiðsögu á Norður-Atlantshafi var unnið að svæðisbundinni innleiðingu á kögun með notkun gervihnatta.

Samgöngustofa vottar og hefur eftirlit með flugvöllum og rekstraraðilum þeirra. Á árinu tók gildi reglugerð sem fjallar um markaðsaðgang flugafgreiðslu sem þýðir að flugafgreiðsluaðilar þurfa ekki lengur að fá sérstakt samþykki Samgöngustofu fyrir starfsemi sinni.

Sérstök fræðsla hefur verið unnin fyrir notendur um ábyrgð við stjórnun og öryggismál fjarstýrðra loftfara (dróna). Frá gildistöku reglugerðar í árslok 2017 hafa verið gefnar út tíu undanþágur en alls 267 fyrirtæki og einstaklingar hafa skráð dróna til notkunar í atvinnurekstri.

Starfsemi íslenskra flugfélaga og tengd þjónusta hefur sjaldan eða aldrei verið umfangsmeiri en á árinu 2018 þó svo að einn flugrekandi hafi nokkuð dregið úr starfsemi í árslok. Vöxturinn birtist m.a. hlutfallslega í fjölda kvartana flugfarþega.

Fjöldi kvartana flugfarþega






Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins. Gefur út skírteini fyrir einstaklinga og veitir heimildir til ýmis konar atvinnureksturs.

Stjórnsýsluverkefni sem Samgöngustofa annast á sviði siglinga grundvallast á íslenskum lögum um eftirlit, mælingar, skráningar, hafnir, sjóvarnir, vitamál og vaktstöð siglinga. Ákvæðin eru markaðar af erlendum kröfum og alþjóðlegu samstarfi.

Samgöngustofa annast útgáfu skírteina fyrir íslenska sjómenn, atvinnukafara og leiðsögumenn skipa og hafnsögumenn skipa og hefur umsjón með lögskráningu sjómanna.

Fjöldi útgefinna atvinnuskírteina í siglingum



Aðalskipaskrá er haldin samkvæmt lögum um skráningu skipa en þar er m.a. að finna upplýsingar um skráningar-númer, umdæmisnúmer, kallmerki, heimahöfn, smíðastað, gerð, efni, afl vélar, vélartegund auk annarra upplýsinga.

Samgöngustofa annast útgáfu skipsskírteina og leyfa fyrir farþegaflutninga, framkvæmd skoðunar á skipum sem eru óflokkuð og falla undir alþjóðasamninga eða Evróputilskipanir, hefur eftirlit með skoðunarstofum og flokkunarfélögum, annast skoðun erlendra farþega- og flutningaskipa, útgáfu ýmissa starfsleyfa fyrir starfsleyfis-skylda starfsemi eins og bátaleiga. Samgöngustofa sér um yfirferð og samþykkt teikninga, stöðugleikagagna vegna nýsmíða og breytinga á skipum.

Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum og reglum á árinu sem höfðu áhrif í þessum málaflokki. Sem dæmi var lög-fest heimild til að miðla upplýsingum úr aðalskipaskrá og skipaskrá yfir íslensk skip, þar á meðal upplýsingum um eigendur, umráðamenn og útgerðaraðila skipa, að upp-fylltum skilyrðum nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Um mitt árið voru samþykkt ný lög sem hafa það að markmiði að stuðla að auknu öryggi við köfun. Ný heildar-reglugerð tók gildi í september en henni er m.a. ætlað að stuðla að fullnægjandi þjónustu skipsbúnaðar í því skyni að tryggja að hann sé að fullu virkur á hverjum tíma.




UMHVERFISMÁL Í SAMGÖNGUM

Umhverfismál eru vaxandi málaflokkur hjá Samgöngustofu. Mikið samstarf er við Umhverfisstofnun og Samgöngustofa tekur virkan þátt í alþjóðasamstarfi um umhverfismál í samgöngum. Má þar nefna norræna og evrópska samstarfsfundi um umhverfismál í flugi. Fulltrúar stofnunarinnar sóttu fund á árinu á vegum PAME, vinnuhóps Norðurskautsráðsins um mál-efni hafsins, til undirbúnings fyrir formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021.

Tækniþekking um farartæki í samgöngum er mjög sérhæfð og leita aðrar stofnanir gjarnan eftir ráðgjöf til sérfræðinga Samgöngustofu. Á hverju ári veitir stofnunin tæknilegar upplýsingar um útbúnað og útblástur farartækja, t.d. vegna viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og til Umhverfisstofnunar Evrópu um útblástur ökutækja.

Hlutfall bifreiða sem nota aðra orkugjafa en bensín eða dísil



Í því skyni að draga úr umhverfisáhrifum frá flugumferð er unnið að nýju alþjóðlegu kerfi um losunarheimildir (CORSIA). Samgöngustofa tekur þátt í þeirri vinnu og ber ábyrgð á skilum á aðgerðaáætlun íslenska ríkisins til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum samgangna miða m.a. að því að farartæki noti endurnýjanlega orkugjafa. Hefur Samgöngustofa þar hlutverk og hefur unnið að rannsóknum á umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum sem valkost fyrir orkuskipti í skipum. Meðal rannsókna má nefna samstarfsverkefnið „Róið á repju“ um repjuræktun en jurtina má nýta í skipaolíu annars vegar og skepnufóður hins vegar. Hlaut verkefnið umhverfisverðlaun Samtaka atvinnulífsins á árinu 2018.

- Jarðefnaeldsneyti og metan
- Tvinnbílar (hybrid)
- Rafmagn
- Metan
- Tengitvinnbílar (plugin hybrid)

Yfirlit um afkomu ársins 2018

Tekjur	2018	2017
Tekjufærsla fjárveitinga	1.276.500.000	1.237.457.283
Seld þjónusta	943.365.821	937.815.937
Vörusala	141.073.350	151.475.870
Framlög og ýmsar tekjur	36.923.267	42.972.506
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	11.249.869	8.233.085
Tekjur alls	2.409.112.307	2.377.954.681
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.791.204.754	1.575.983.219
Framlög og tilfærslur	700.000	1.675.000
Annar rekstrarkostnaður	744.746.586	641.215.943
Afskriftir	11.249.869	8.233.085
Gjöld alls	2.547.901.209	2.227.107.247
 Afkoma fyrir fjármagnsliði	 - 138.788.902	 150.847.434
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	11.288.941	8.960.321
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	- 1.236.369	- 5.195.126
 Afkoma ársins*	 - 128.736.330	 154.612.629
*Yfirfærðar fjármagnsheimildir	223.544.063	
Niðurstaða alls	94.807.733	

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

Efnahagsreikningur

31. desember 2018

Eignir	2018	2017
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	38.243.640	31.306.081
Farartæki og vélar	25.435.856	
Fastafjármunir alls	63.679.496	31.306.081
Veltufjármunir		
Birgðir	54.668.106	52.422.927
Viðskiptakröfur	330.133.927	441.851.672
Tengdir aðilar	1.442.960.370	1.445.261.211
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	5.352.271	8.214.085
Handbært fé	134.934.284	44.310.346
Veltufjármunir alls	1.968.048.958	1.992.060.241
Eignir samtals	2.031.728.454	2.023.366.322
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	1.642.052.752	1.770.789.082
Eigið fé alls	1.642.052.752	1.770.789.082
Skuldir		
Tengdir aðilar		8.077.500
Viðskiptaskuldir	125.508.205	45.369.537
Ýmsar skammtímaskuldir	199.111.285	167.824.122
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	65.056.212	31.306.081
Skuldir samtals	389.675.702	252.577.240
Eigið fé og skuldir samtals	2.031.728.454	2.023.366.322

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

